

3.fundur skólaráðs þann 02.12.2015.kl. 8:10 í fundarherbergi.

Skólaráð skipa eftirtaldir fulltrúar skólaárið 2015-2016. (Mættir fulltrúar eru feitletraðir).

Arnheiður Helgadóttir, grenndarfulltrúi, Þórður Ingi Bjarnason, fulltrúi foreldra, Guðrún Hallgrímsdóttir, fulltrúi foreldra, Margrét Brynhildur Gunnarsdóttir, fulltrúi kennara, Marsibil Gísladóttir, fulltrúi kennara í Engidal, Elín Þráinsdóttir, fulltrúi annars starfsfólks, Andrea Mist Viggósdóttir, fulltrúi nemenda, Raket Sigmarsdóttir, fulltrúi nemenda, Hrönn Bergþórsdóttir, skólustjóri og aðstoðarskólustjórar sem áheyrnarfulltrúar. Bryndís Friðriksdóttir sem er að taka út umferðaröryggismál fyrir Hafnarfjarðarbæ.

Dagskrá

1. **Umferðaröryggismál.** Bryndís Friðriksdóttir sem er að taka út umferðaröryggi kringum skólana í Hafnarfirði kom á fundinn til að ræða við fulltrúa skólaráðs um öryggismál kringum skólana. Hjallabrautin er ekki nógu örugg þarf að skoða göngubrautir og lýsingu. Þarf að bæta úr gönguljósum/brautum efst á Hjallabrautinn. Vantar lýsingu á göngustíga í kringum skólann við Víðistaðatún og yfir Víðistaðatúnið frá Sævangi. Aðkeyrslan (gatan) að Víðistaðatúni er mjög þröng. Það þarf að bæta lýsinguna í kringum rampinn, þar safnast unglingar á kvöldin. Einnig eru ljósini yfir Reykjavíkurvegin ekki nógu örugg, það eru fá ljós og græni kallinn er alltof stutt. Hringaksturinn í kringum Engidalinn (Breiðvangur) er mjög dimmur og hættulegur fyrir nemendur þar sem umferð við upphaf skólans er svomikil eftir að leikskóli hóf starfsemi í húsnæðinu. Einnig þarf að skoða bílastæðamál fyrir framan skólann (Engidalinn). Bærinn þyrfti að taka áttak í notkun endurskinsmerkja. Foreldrafélagið er að skoða hvernig það getur komið inn í að gefa nemendum endurskinsmerki. Önnur hugmynd að unglingarnir/nemendaráð komi að gerð stuttmyndar þar sem hvatt er til notkunar endurskinsmerkja. Hafnarfjarðarbær vill gera ferðavenjukönnun, þ.e. hvernig nemendur koma í skólann. Taka einn árgang á hverju stigi, kennarar í bekkjunum myndu leggja þetta fyrir. Einnig er hugsað að leggja samskonar könnun fyrir starfsmenn. Ef einhverjar ábendingar eða spurningar vakna varðandi öryggismál má senda póst á Bryndísi. Komið var inn á það að foreldrar sakna Frístundabílsins.
2. **Skólanámskrá - kynning og umfjöllun.** Sýnd var nýja skólanámskráin okkar. Í vetur eru skólarnir að leggja lokahönd á hana eftir að nýja Aðalnámskráin kom út 2011. Ábending kom um að laga þyrfti Þ/L/V (þekking, leikni, viðhorf) í markmiðskaflanum í námskránum, þeir sem ekki þekkjá til vita ekki hvað þetta stendur.
3. **Samræmd próf niðurstöður.** Niðurstöður samræmdra prófa kynntar í 4., 7. og 10.bekk. Skólinn kom miðlungs út á heildina þetta skólaár miðað við aðra skóla í Hafnarfirði.
4. **Önnur mál.**
 - Fulltrúi nemenda spurði um hvernig starfskynningum yrði háttað í vetur. Svarað var að Birna námsráðgjafi mun koma með fræðslu um þessi mál fyrir árganginn síðar í vetur.

Fleira ekki rætt, næsti fundur boðaður 13.janúar 2016.

Fundi slitið 9.30

Ritari Anna María Skúladóttir